27. febrúar 2020

# Hagnaður Festi 715 milljónir króna á 4. ársfjórðungi 2019

## Helstu niðurstöður

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu á fjórða ársfjórðungi (4F) 2019 5.372 m.kr. samanborið við 4.858 á sama tímabili 2018 og hækka um 10,6%
- Rekstrarkostnaður á fjórða ársfjórðungi (4F) 2019 3.606 m.kr. samanborið við 3.329 á sama tímabili 2018 og hækkar um 8,3%
- EBITDA Festi að undanskildum kostnaði við kaup á Hlekk nam 1.766 m.kr. á 4F 2019 samanborið við 1.529 m.kr. á 4F 2018 sem er 15,5% hækkun á milli ára
- EBITDA að undanskildum kostnaði við kaup á Hlekk nam 7.743 m.kr. árið 2019 samanborið við 4.958 m.kr. árið 2018 sem skýrist af mestu að því að ELKO, Krónan, Bakkinn og Festi fasteignir voru hluti af samstæðu Festi 4 mánuði 2018, en allt árið 2019
- Vaxtaberandi skuldir námu 33.380 m.kr. í árslok 2019 en voru 37.314 m.kr. í árslok 2018.
- Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 28.011 m.kr. í árslok 2019 en voru 33.047 m.kr. í árslok 2018 og lækkuðu um 5.036 m.kr. á milli ára
- Eigið fé var 28.688 m.kr. og eiginfjárhlutfall 35,3% í lok 4F 2019 en var 33,4% í árslok 2018

| Milljónir króna | 4F 2019 | 4F 2018 | Breyt. | % Breyt. | 2019 | 2018 | Breyt. | % Breyt. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarreikningur** | | | | | | | | |
| Framlegð af vörusölu | 5.372 | 4.858 | 514 | 10,6% | 20.295 | 13.704 | 6.591 | 48,1% |
| Aðrar rekstrartekjur | 326 | 370 | -45 | -12,1% | 1.749 | 776 | 973 | 125,4% |
| EBITDA | 1.766 | 1.529 | 237 | 15,5% | 7.605 | 4.628 | 2.977 | 64,3% |
| EBIT | 1.301 | 915 | 386 | 42,2% | 5.198 | 3.219 | 1.980 | 61,5% |
| EBT | 840 | 383 | 456 | 119,1% | 3.371 | 2.477 | 894 | 36,1% |
| Hagnaður tímbilsins | 715 | 327 | 387 | 118,3% | 2.796 | 2.059 | 737 | 35,8% |
| **Efnahagsreikningur** | | | | | | | | |
| Birgðir | | | | | 7.678 | 7.616 | 62 | 0,8% |
| Viðskiptakröfur | | | | | 3.756 | 3.685 | 72 | 1,9% |
| Vaxtaberandi skuldir | | | | | 33.380 | 37.314 | -3.933 | -10,5% |
| Handbært fé | | | | | 5.369 | 4.267 | 1.102 | 25,8% |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | | | | | 28.011 | 33.047 | -5.035 | -15,2% |
| **Sjóðstreymi** | | | | | | | | |
| Handbært fé frá rekstri | 679 | -285 | 964 | -338,2% | 4.957 | 3.825 | 1.132 | 29,6% |
| Fjárfestingarhreyfingar | -851 | -719 | -132 | 18,3% | 492 | -13.734 | 14.226 | -103,6% |
| Fjármögnunarhreyfingar | -1.303 | -1.055 | -249 | - | -4.376 | 11.343 | -15.719 | - |
| Handbært fé í lok tímabils | 5.369 | 4.267 | 1.102 | 25,8% | 5.369 | 4.267 | 1.102 | 25,8% |
| **Lykiltölur** | | | | | | | | |
| EBITDA/framlegð | 32,9% | 31,5% | 1,4% | 4,5% | 37,5% | 33,8% | 3,7% | 11,0% |
| Eiginfjárhlutfall | 35,3% | 33,4% | 1,9% | 5,8% | 35,3% | 33,4% | 1,9% | 5,8% |
| Laun/framlegð | 50,3% | 53,7% | -3,4% | -6,3% | -49,0% | 47,7% | -96,7% | -202,9% |
| Hagnaður á hlut | 2,18 | 1,00 | 1,18 | 117,6% | 8,49 | 7,44 | 1,04 | 14,0% |
| Arðsemi eigin fjár | | | | | 10,2% | 11,0% | -0,8% | -7,3% |
| Fjárfestingar | | | | | 492 | -13.734 | 14.226 | -103,6% |
| Veltuhraði birgða | | | | | 8,60 | 9,00 | -0,40 | -4,4% |

## Rekstur fjórða ársfjórðungs

| Milljónir króna | 4F 2019 | 4F 2018 | Breyt. | % Breyt. |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarreikningur** | | | | |
| Framlegð af vörusölu | 5.372 | 4.858 | 514 | 10,6% |
| Aðrar rekstartekjur | 134 | 370 | -236 | -63,7% |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | -2.703 | -2.607 | 96 | 3,7% |
| Annar rekstrarkostnaður | -1.037 | -1.092 | -54 | -5,0% |
| EBITDA | 1.766 | 1.529 | 237 | 15,5% |
| | | | | |
| **Lykiltölur** | | | | |
| EBITDA/framlegð | 32,9% | 31,5% | 1,4% | 4,5% |
| Laun/framlegð | 50,3% | 53,7% | -3,4% | -6,3% |
| Hagnaður á hlut | 2,18 | 1,00 | 1,18 | 117,6% |

EBITDA á 4F 2019 var 1.766 m.kr. samanborið við 1.529 m.kr. á 4F 2018 sem er 15,5% aukning. Rekstur Krónunnar og ELKO var yfir áætlun á 4F en rekstur N1 var lítillega undir áætlun.

## Rekstrarkostnaður á fjórða ársfjórðungi

| Milljónir króna | 4F 2019 | 4F 2018 | Breyt. | % Breyt. |
|---|---|---|---|---|
| Launa- og starfsmannakostnaður | -2.703 | -2.607 | 96 | 3,7% |
| Annar rekstrarkostnaður | -1.037 | -1.092 | -54 | -5,0% |

Launakostnaður var 2.703 m.kr. á 4F 2019 samanborið við 2.607 m.kr. sem er 3,7% hækkun á milli ára. Annar rekstrarkostnaður var 1.037 m.kr. á 4F 2019 en var 1.092 m.kr. á 4F 2018 eða 5% lækkun á milli ára.

## Fjármagnsliðir

| Milljónir króna | 4F 2019 | 4F 2018 | Breyting | % Breyting |
|---|---|---|---|---|
| Fjármunatekjur | 94 | 83 | 12 | 14,1% |
| Fjármagnsgjöld | -546 | -674 | -128 | -19,0% |
| Gengismunur | -51 | 24 | -75 | -309,7% |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 101 | 31 | 70 | 230,1% |
| Tap af sölu hlutabréfa | -60 | 0 | -60 | |
| Samtals | -461 | -536 | 75 | -14,0% |

Hrein fjármagnsgjöld voru 461 m.kr. á 4F 2019 samanborið við 536 m.kr. á 4F 2018 sem er lækkun um 14% sem skýrist af lægri vaxtagjöldum og lægri nettó vaxtaberandi skuldum.

## Efnahagur og fjárhagsleg staða

| Milljónir króna | 2019 | 2018 | Breyting | % Breyting |
|---|---|---|---|---|
| Viðskiptavild | 14.070 | 14.070 | 0 | 0,0% |
| Aðrar óefnislegar eignir | 4.650 | 4.504 | 146 | 3,2% |
| Rekstrarfjármunir | 31.434 | 32.419 | -985 | -3,0% |
| Fjárfestingarfasteignir | 7.354 | 8.752 | -1.397 | -16,0% |
| Birgðir | 7.678 | 7.616 | 62 | 0,8% |
| Viðskiptakröfur | 3.756 | 3.685 | 72 | 1,9% |
| Vaxtaberandi skuldir | 33.380 | 37.314 | -3.933 | -10,5% |
| Handbært fé | 5.369 | 4.267 | 1.102 | 25,8% |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | 31.975 | 33.047 | -1.072 | -3,2% |
| Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskulda | 28.011 | 33.047 | -5.035 | -15,2% |
| Eiginfjárhlutfall | 35,3% | 33,4% | 1,9% | 5,8% |
| Veltuhraði birgða | 8,60 | 9,00 | -0,40 | -4,4% |

Kaupverðsútdeilingu vegna kaupa á Hlekk ehf. er lokið og samkvæmt útdeilingunni var viðskiptavild 14.070 m.kr. og aðrar óefnislegar eignir 4.046 m.kr. en um vörumerki hinna keyptu félaga er að ræða og eru þau metin með endanlegan líftíma og verða afskrifuð á 20 árum. Í lok árs 2019 voru rekstrafjármunir 31.434 m.kr., fjárfestingaeignir 7.354 m.kr., nettó vaxtaberandi skuldir 28.011 m.kr. og eiginfjárhlutfall 35.3%.

### Eiginfjárstýring og arðgreiðslur

Stjórn Festi hefur mótað stefnu um fjármagnsskipan og arðgreiðslur en samkvæmt henni er miðað við að arðgreiðslur til hluthafa og kaup eigin bréfa nemi að lágmarki 50% af hagnaði hvers árs. Jafnframt verður stefnt að 35% EBITDA af framlegð, nettó vaxtaberandi skuldir verði 3,5 x EBITDA og eiginfjárhlutfall verði á bilinu 30 - 35 %. Í lánaskilmálum félagsins er gerð krafa um að eiginfjárhlutfall sé að lágmarki 25%. Í árslok 2019 voru nettó vaxtaberandi skuldir 3,68 x EBITDA og eiginfjárhlutfall 35,3%.

Endurkaup hluta í Festi verða framkvæmd með tilboðsformi, líkt og áður hefur verið gert og/eða með endurkaupaáætlun.

### Horfur í rekstri Festi hf. og EBITDA spá 2020

Horfur í rekstri Festi fyrir árið 2020 er góðar þrátt fyrir vísbendingar um minni umsvif hjá okkar helstu viðskiptavinum.

EBITDA spá Festi fyrir árið 2020 gerir ráð fyrir að EBITDA muni verða á bilinu 7.700 – 8.100 m.kr. að undanskildum kostnaði við sátt sem Festi hf. gerði við Samkeppniseftirlitið þann 30. júlí 2018.

Forsendur í afkomuspá:

- Verðbólga verði um 3,0%
- Hagvöxtur verði 1,2%
- Vöxtur í einkaneyslu 2% og í samneyslu 2,5%
- Aukið atvinnuleysi

- Að kjarasamningar verði áfram skynsamlegir
- Að gengi USD/ISK verði í kringum 125.
- Rekstur félagsins er sveiflukenndur og fellur stærsti hluti EBITDA til á 2., 3 og 4. ársfjórðungi.

**Óvissuþættir:**

- Líklegt er að lítill sem enginn hagvöxtur verði árið 2020 og aukið atvinnuleysi mun hafa neikvæð áhrif á rekstur félaga í samstæðunni
- Órói á olíumörkuðum og gengi ISK getur valdið sveiflum á framlegð og fjárbindingu
- Miklar sveiflur í gengi ISK hafa áhrif á rekstur dótturfélaga Festi
- Lítil aukning í fjölda ferðamanna til Íslands

**Hluthafar**

- Markaðsvirði félagsins í árslok 2019 nam 42,7 milljörðum króna
- Aðalfundur verður haldinn kl. 10:00 þann 23. mars næstkomandi
- Stjórn Festi mun leggja til við aðalfund að greiddur arður vegna afkomu ársins 2019 að fjárhæð 659 m.kr. eða 2 krónur á hlut, sem styður við þá fjármagnsskipan sem félagið stefnir að.
- Endurkaup með tilboðsfyrirkomulagi verði ár árinu 2020 og/eða með formlegri endurkaupaáætlun

**Kynningarfundur fimmtudaginn 28. febrúar 2020**

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn föstudaginn 28. febrúar 2020 í höfuðstöðvum Festi að Dalvegi 10 – 14 í Kópavogi 3. hæð. Eggert Þór Kristófersson, forstjóri, mun kynna afkomuna og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 8:30 og verður boðið upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: http://festi.is/fjarfestar/fjarhagsupplysingar/ og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

**Fjárhagsdagatal**

- Aðalfundur 2020: 23. mars 2020
- Uppgjör 1F 2020: 29. apríl 2020
- Uppgjör 2F 2020: 26. ágúst 2020
- Uppgjör 3F 2020: 4. nóvember 2020
- Ársuppgjör 2020: 25. febrúar 2021
- Aðalfundur 2021: 22. mars 2020

Nánari upplýsingar veita Eggert Þór Kristófersson, forstjóri, (eggert@festi.is) og Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, (mki@festi.is).